

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Sauðárkróki



Dags eftirlits	18.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Björnsson	Staðsetning	470207,042 584571,151

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Sauðárkróki, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók reyndist í góðu lagi.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Fimm geymar eru í stöðinni, allir botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Þrýstiprófanir á lögnum 55.50.00 og 550.70.00 hafa farið fram á þessu ári. Lögn 550.60.00 hefur verið tekin úr notkun og skal blinda og hreinsa lögnina.

Bensín er ekki geymd í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þrær) og olíuskilja. Girðingar hnoðast alltaf niður að veturlagi en mikil snjóalög eru undir hlíðinni þar sem stöðin er staðsett. Gert hefur verið við girðinguna.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 11.09.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.